# Viðhald Skólavörðu, samskot og reikningar 1861-1890

Aðfnr. 1371, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Samskot til Skólavörðu 1861.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar ed hin svonefnda skólavarda hjer vid Reykjavík, sem upphaflega var byggd af skólapiltum, og sídan endurreist af stiptamtmanni Krieger, er nú ordin svo niðurbrotin, ad hún ekki lengur getur verid skemmtistadur handa þeim, sem þangad ganga, en mætti verda bædi til skemmtunar bæjarbúum og til sóma fyrir þeim, ef hún væri nú reist ad nýju, þá hefur oss skólapiltum komid til hugar ad reyna ad studla til þess, ad því leyti, sem oss er unnt, ad hún verdi byggd upp aptur. Vardan ætti ad vera annadhvort sívöl eda áttköntud, og holad innan, dyr ad utanverdu, og stöpull innan í henni midri, en í milli stöpulsins og veggjanna skyldu vera tröppur, svo ad upp yrdi gengid, en uppi lítid skemmtihús med flaggstöng á; í kring um húsid ætti ad vera gott gangrúm og grindur umhverfis; á veggjunum yrdu ad vera gluggar, svo ad vel bjart væri á tröppunum.

Vjer leyfum oss, ad skora á ydur heidrudu bæjarbúar, ad styrkja þetta fyrirtæki med samskotum, því ad vjer fáum eigi sjed neinn annan veg til þess ad því verdi framgengt, þar sem vardan sjálf á alls engan sjód, er hún verdi byggd upp fyrir.

Vjer getum þess, ad engin von er til þess, ad byrjad verdi á byggingunni, ef eigi fengjust nú fyrst um sinn 2–300 dalir, en sídar mætti gjöra sjer von um, ad samskotin yrdu almennari, og máske kæmi einnig vídar ad.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þeir, sem vilja styrkja þetta fyrirtæki, eru beðnir að rita nöfn sín og hvað mikið þeir vilja gefa, á lista þennan.

Reykjavík 26. oktober 1861.

Skólapiltar Reykjavíkurskóla.

| Gefendur | rbdl. | mörk | skild. |
| --- | --- | --- | --- |
| Skólapiltar til samans | 35 | 3 | " |
| B. Johnsen | 5 | | |
| J. Sigurdsson | 1 | " | " |
| J. Gunlogsen | 4 | | |
| Jón Þorkelsson | 1 | " | " |
| J. Gudmundsson | 1 | 2 | |
| Jón Árnason | 1 | " | " |
| Sigurður Guðmundsson | 1 | " | " |
| Eggert Sigfusson | 1 | " | |
| Þorstein Egilsson | 1. | | |
| Einar Zoega | 1 | | |
| Arnljótr Olafsson | 2 | – | – |
| Ó. Gudmundsson | 3 | | |
| Þorvaldur Jónsson | 1 | | |
| H. Thordersen | 2. | | |
| A. Thorsteinson | 3. | – | – |
| E. Magnússon | 1. | – | – |
| P. Jóhannesson | 1 | – | – |
| E. Siemsen | 2 | – | – |
| A. Knudsen | 1. | – | – |
| M. Smith | 4 | – | – |
| W. Fischer | 2 | | |
| H. Th. Kolb | 1 | – | – |
| P. Gudjohnsen | 1 | 3 | |
| Bjarnason | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Gefendur | | Rdl | ß | ß |
|---|---|---|---|---|
| E Jónsson | | 1 | " | " |
| E M Waage | | 1 | " | " |
| Chr Zimsen | | 1 | " | " |
| C Thomsen | | 1 | " | " |
| G. T. Robb | | 2 | " | " |
| Thorsteinson í þetta skipti | | 2 | " | " |
| Clausen | | 1 | " | " |
| H Sigurdsson | | 2 | " | " |
| S Magnussen | | 3 | " | " |
| Ólafsson | | 1 | " | " |
| P. Melsted | | 1 | " | " |
| A. D. Wulff | | 1 | " | " |
| J. C. Knudtzon | | 1 | " | " |
| Stephensen | | 1 | " | " |
| Jsl. Gislason | | 1 | " | " |
| Ey. Jónsson | | 1 | 3 | " |
| O. J. Möller | | 2 | " | " |
| M. Hjaltested 1<sup></sup>d Borgari | Samtals | 100 | 3 | " |

54

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ydur er kunnugt um ad árid 1866 rèdist eg ásamt 3 ödrum
mönnum í ad leita almennra samskota til ad byggja upp
hina svonefndu skólavördu sem gjörfallin hafdi verid um
nokkur ár. þessu var tekid svo af hendi almennings einkum
bæarbúa ad samskotin urdu 176rd 72s en tilkostnadurinn
þegar vardan hrundi var samtals 226rd. Um þetta er
reikningur hjá mèr til sýnis hverjum sem vill kynna
sèr hann. Orsakirnar til þess ad vörduhledslan misheppnadist
er alkunn, en eg skal þó taka fram adalástæduna ad
samskotin voru svo treg og lítil ad verkid ekki gat
ordid tryggt. Þegar svo var komid vard eg þess eigi áskynja
ad bæarbúar væri áhuga um ad byrja aptur jafnvel þó ad
eg sem reglulega tapadi meiru vid óhappid væri áfram um
það. Eg vard ~~þess samt~~ fljótt vísari ad eg gat átt von
á stærri gjöf til þessa, sem eg sídar skal nefna fyrita
allara en á hinn bóginn þá sá eg fyrir ad gjöfin var
ekki einhlýt, og ekki hefdi getad ordid ad lidi nema med
fljótum og greidum samtökum. Um þetta efadist eg ád
nokkru eptir fyrri reynslu, og líka vegna þess ad ekki er
hægt fyrirfram ad sjá hversu mikid fè þurfi ad verja
til byggingar sá eg í hendi mèr, ad það var í raun og veru
öllum meira í hag, ad eg tæki vidstödulaust vid gjöfinni
og jafnframt þarmed annadist þá skuldbindingu er á
vard ad vera, ad sjá verkinu lokid ad öllu. Hefdi
samskotin ordid ónóg þá hefdi aukist vid það ný vand-
ræði, og öll ábyrgdin ad ljúka verkinu lent á mèr, en á
hinn bóginn þá var eg þess fullviss ad allir gódir menn
hèr í bænum ekki mundi láta mig gjalda árædi míns.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þannig er það tilkomið að eg einn hefi gengið að því
að fá þessu verki framkvæmt, og er kostnaður sá sem
varðan hefir haft í för með sér eptir reikningi er eg innan
skamms mun senda Yðar þegar eg hefi fengið tíma til að
ná öllum smáreikningum saman hérumbil 1064 rd – 48.

Til þess að hlaða vörðuna upp hefi eg haft
þessar tekjur
Væntanlega gjöf heiðursmannsins Grosséra
M Melchiors í Kaupmannahöfn er var hér árið
1866 og varð hugfeginn hvörri snauðri er kynntist
honum 350 "
Af þessari gjöf hefi eg í milli reikningum
meðtekið hérumbil 200 rd en vænti þess
að hann muni leggja til þá ávantandi [?]
150 rd. enda þótt gjöfinni væri heitið
með því skilyrði að varðan væri hlaðin
upp árið 1867, en það fórst fyrir þareð
verkamenn fengust ekki.
Gjöf frá ónefndum manni 180 "
Réttarbætur mínar árið 1867 við sölu
á nokkrum túnum bæarins til erfða-
festu; sem eg að vísu ætlaði að eptirgefa
en varð þó að taka við með einsmælum [?]
um að síðar mundi verja bænum til
fegurðar 59 – 3
Gjöf frá bókhaldara L. E. Knudsen 2 " 591 – 3

Vantar þannig á hérumbil rd. 473 – 45.

Sé þetta hefi eg fyrirfram lagt út í góðri trausti til annara
og þarf eg ei að skýra frá að efnahagur minn leyfir mér
ei að leggja þá til sem gjöf, og einu þykist eg vita að
bæarbúar allir fremur muni kjósa að leggja fé þetta
til, svo að þeir með því meira sanni geti kallað vörðuna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

egn sína.

Með þessum ummælum bið eg Yður nú að taka að Yður Skólavörðuna sem egn bæarins, uppbyggða bænum til fegurðar, og bæarbúum til skémtunar, en sökum stöðu minnar til þessa fyrirtækis leyfi eg mér að taka fram nokkur atriði er eg óska sé tekin til greina:

1. það sem ávantar til vörðunnar eða fé það er eg hefi lagt út má ei jafna niður á bæarbúa með skatti eða í bæarsjóðinn, heldur verður fé þetta að vinnast með samskotum frívilgjuglega, Tombolahaldi eður á einhvern slíkann veg.
2. þangaðtil fé þetta er endurgoldið vænti eg að mega hafa hæfilegt atkvæði um afnot vörðunnar sem skémtistaðar
3. Að varðan stöku sinnum eptir sem bæarstjórninni þenni henta verði opin fyrir almenningi, en að öðru leyti verði séð svo um að viðhald hennar hvíli sem minnst á bæarsjóði.
4. Að bæarstjórnin láti byggingarnefndina tiltaka hæfilegt svæði í kringum vörðuna, hvar hvörki sé byggð önnur hús eða lóðir notuð af öðrum
5. Skyldi til þess koma, að æskilegt yrði álitið að nota vörðuna við einhvörja byggingu, má það ei vera nema bygging þessi sé til almennra opinberra þarfa, og bæarstjórnin samt æðri yfirvöld hafi lagt á það samþykki sitt
6. Að bæarstjórnin hafi umsjón með vörðunni sem egn bæarins, eða ef hún kýs það heldur, feli hún sérstaka umsjón einum eða fleiri bæarbúum er hún til þess velur.

Reykjavík þann 20sta Oktober 1868.

A. Thorsteinsson

Til

Bæarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur